



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Þorsteinn R. Hermannsson

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi breytingar á Laugavegi - R19070159*

Eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

- "1. Hvað kosta í heild nýjar fyrirhugaðar breytingar á Laugaveginum sem þegar hafa verið kynntar í umhverfisráði?"
2. Hver eru rökkin fyrir því að fara í þessar breytingar?"

Að neðan er leitast við að svara spurningum sem fram koma að ofan.

1. Skipulags- og samgönguráð samþykkti á fundi sínum þann 3. apríl 2019 tillögu að áfangaskiptingu undirbúnings varanlegra göngugatna, sbr. tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn 4. september 2018 .

Umhverfis- og skipulagssviði var falið að vinna áfram að forhönnun og undirbúningi deiliskipulagsbreytingu á grundvelli áfangaskiptingar, í samráði við hagsmunaaðila.

Deiliskipulags- og forhönnunarvinna fyrsta áfanga er í fullum gangi og verður frumkostnaðaráætlun lögð fram með tillögu að útfærslu nú í vetur.

2. Borgarstjórn samþykkti þann 4. september 2018 að fela umhverfis- og skipulagssviði að gera tillögu að útfærslu Laugavegar og Bankastrætis sem göngugötur allt árið ásamt þeim götum í Kvosinni sem koma til greina sem göngugötur.

Að breyta götum á svæðinu í göngugötur og færa þar með umferð akandi og bílastæði frá götunum er talið hafa margvísleg jákvæð umhverfisáhrif. Almennt eru göngugötur gerðar til þess að auka lífsgæði borgarbúa, auka mannlíf, efla samskipti og auka upplifun og ánægju vegfarenda. Fjárfest er í umhverfi og ásýnd götunnar og með því er hún gerð að ákjósanlegum stað til að dvelja á og njóta. Göngugötum er ætlað að skapa betra verslunarumhverfi, koma til móts við nýjar áskoranir í verslun þar sem upplifun og þjónusta er orðin stór hluti (þættir sem netverslun getur ekki veitt). Með göngugötum er talið að öryggi vegfarenda sem um svæðið fara muni aukast til muna við það að akandi umferð færast af götunum. Af sömu ástæðu er talið að loftgæði muni batna mikið á götunum auk þess sem hljóðvist verður mun betri en fyrir er. Aðgengi fyrir alla er bætt til muna sem og aðstaða til vörulosunar.

Hluti Laugavegar og fleiri götukaflar í miðborginni hafa verið göngugötur hluta úr ári frá 2011. Laugavegur er fjölfarnasta gata landsins þegar kemur að gangandi vegfarendum. Samkvæmt talningum árið 2018 fóru að meðaltali um 17 þús. vegfarendur gangandi og hjólandi um göngugötuna á dag yfir sumarið (talning milli kl. 8 og 21 í júní og júlí). Í apríl sama ár, þegar gatan var opin fyrir bílaumferð, fóru að meðaltali um 9.500 vegfarendur gangandi og hjólandi um götuna (talning milli kl. 8 og 21). Gatan var á sínum tíma hönnuð og byggð með akbraut og gangstéttum til beggja hliða, yfir 40% af rýminu milli húsanna fer undir bílaumferð og víða þrengir að gangandi og hjólandi vegfarendum sem voru 81% vegfarenda á meðan 19% vegfarenda voru akandi.



Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri